

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra, á Hvammstanga,
fimmtudaginn 25. júní 2009, kl. 13.00**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Pétur Jónsson, Elín R. Líndal og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Bjarni K. Þórisson boðaði forföll.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Breyting á Menningarráði Norðurlands vestra

Lagður fram tölvupóstur frá Gunnari Braga Sveinssyni, dags. 28. maí sl., sem tilnefndur er af stjórn SSNV, þar sem hann óskar lausnar frá setu í Menningarráði Norðurlands vestra. Varamaður Gunnars Braga er Elín R. Líndal og var hún boðin velkomin í ráðið.

2. Árangursmat

Fyrir fundinum lá skýrsla Háskólans á Hólum um árangursmat á starfi menningarráðsins 2007-2009. Hefur hún þegar verið send ráðuneytum menningar- og iðnaðarmála. Ráðið ræddi skýrsluna og samþykkti að senda hana til sveitarfélaganna.

3. Nýr samningur við ríkið

Almennar umræður voru um væntanlegar samningaviðræður við ríkið. Áhersla er lögð á að halda áfram á sömu svæðum og á svipuðum nótum.

4. Menningarlandið

Lagt fram vefrit Menntamálaráðuneytisins þar sem rætt er um ráðstefnuna Menningarlandið 2009 sem haldin var í Stykkishólmi 11. og 12. maí sl.

5. Önnur mál

Aðalfundur Menningarráðs:

Ársþing SSNV verður haldið í Miðgarði 21. og 22. ágúst nk. Samþykkt að fela formanni menningarráðs og formanni SSNV að ákveða tímasetningu aðalfundarins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 14.30.

Ingibergur Guðmundsson
fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.